

Mánudaginn 3. marz 1952.

Nr. 1/1952.

Ákæruvaldið (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Jörgen Óskari Jörgenssyni (Jón N. Sigurðsson).

Bifreiðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði stöðvaði bifreið sína á götu í þéttbýlu íbúðarhverfi. Mátti hann búast við, að börn væru þar gæzlulaus að leik, enda sá hann börn á lóðinni við húsið nr. 11 við Hólsveg, sem hann stöðvaði bifreið sína á móts við. Að svo vöxnu máli og þar sem ákærði hafði um stund misst sjónar á umhverfi bifreiðar sinnar, meðan hann fór í nefnt hús, hefði hann, áður en hann fór inn í bifreiðina og ók af stað aftur, átt að aðgæta, hvort börn væru svo nálægt bifreiðinni, að hætta gæti stafað af. Þetta gerði ákærði ekki, og þykir hann vegna þeirrar vangæzlu hafa orðið samvaldur að slysinu, sem verður hins vegar að miklu leyti rakið til atvika, sem hann á ekki sök á. Þetta brot ákærða varðar við 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þá var það óvarkárni af ákærða að nema ekki staðar og fara út úr bifreiðinni í aðgæzluskyni, er hann varð þess var, að eitthvað varð fyrir hjóli bifreiðarinnar á slysstaðnum. Varðar sá aðgæzluskortur ákærða við 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, kr. 600.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Óskar Jörgensson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektar-

innar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Péturs héraðsdómslögmanns Þorsteinssonar, kr. 600.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Jóns N. Sigurðssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1951.

Ár 1951, þriðjudaginn 6. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3810/1951: Ákærvaldið gegn Jörgen Óskari Jörgenssyni, sem tekið var til dóms 17. ágúst.

Í máli þessu er Jörgen Óskar Jörgensson bifreiðarstjóri, Skipasundi 20 hér í bæ, ákærður til refsingar, ökuleyfismissis og greiðslu bóta og málskostnaðar fyrir brot gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. og 29. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 9. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 með því að hafa hinn 10. júní s.l. ekið bifreið af stað á Hólsvegi, án þess að gæta um ferðir barna í námunda við hana, með þeim afleiðingum, að drengur varð fyrir bifreiðinni og beið bana, svo og með því að aka burt af staðnum, án þess að athuga nánar, er hann hafði orðið þess var, að afturhjóli bifreiðarinnar höfðu farið yfir eitthvað óvenjulegt.

Ákærði, sem fæddur er 5. apríl 1911 hér í bæ, hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1930 27/9 Sátt: Sekt, 20 kr., fyrir brot á bifreiðalögum.

1931 31/1 Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

1931 23/7 Áminning fyrir brot á samþykkt um bifreiðastæði.

1931 23/9 Undirgekkst skaðabótageiðslu út af bifreiðaárekstri. Féll málið þar með niður.

1942 4/6 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum, sinnti ekki stöðvunarmerki lögregluþjóns.

1947 13/6 Dómur: 12 daga varðhald og sviptur ökuskirteini í 4 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

1948 11/3 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Að morgni sunnudagsins 10. júní s.l. ók ákærði bifreið sinni R. 1902 að húsinu nr. 11 við Hólsveg, en nefnd bifreið er vörubifreið af gerðinni Ford, árg. 1942, með stýri vinstra megin, stýrishúsi og tvöföldum afturhjólum. Með ákærða var 3 ára gamall sonur hans og sat í stýrishúsi hjá honum. Ákærði fór að áður nefndu húsi og spurði eftir Þórði Halldóri Guðlaugs-

syni, sem þar býr. Kona Þórðar Halldórs, Krístrún Guðmundsdóttir, kom til dyra og kvað mann sinn ekki vera heima, en sagði ákærða, að hann væri að vinna í Laugarásnum þar skammt frá. Fór ákærði þá aftur út í bifreið sína og ók af stað. Rétt í því er bifreiðin fór af stað, kveðst hann hafa fundið, að hægri afturhjóli bifreiðarinnar lyftist örlítið, eins og það færi yfir einhverja ójöfnu. Hann kveðst þá hafa litið út um afturrúðuna og ekkert athugavert séð. Ók ákærði því næst að þeim stað, þar sem Þórður Halldór var að vinna, og átti ákærði þar stutt viðtal við Þórð Halldór og mann, sem var að vinna með honum. Að því búnu ók ákærði af stað aftur. Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi farið að fá eftirþanka af því að hafa ekið burt frá Hólsvegi 11, án þess að ganga úr skugga um, hvað verið hefði fyrir afturhjóli bifreiðarinnar. Ók hann því aftur að Hólsvegi 11, enda sá hann til ferða sjúkrabifreiðar, sem var að fara þangað. Þegar ákærði kom á staðinn, var verið að láta barn inn í sjúkra-bifreiðina, og hafði það orðið fyrir bifreið ákærða, í því er hann ók af stað. Barnið hét Aron Magnússon, 1½ árs að aldri (fæddur 19. jan. 1950), og átti heima í húsinu nr. 10 við Hólsveg. Var hann fluttur á Landsspítal-ann og reyndist vera örendur, er þangað kom. Um dánarorsök hans segir svo í skýrslu prófessors Nielsar Dungals um réttarkrufningu á líki drengs-ins: „Við krufninguna fannst hrúfl hægri megin á andliti. Allmikil brot voru á kúpubotni vinstra megin, og mænan rifin þversum rétt neðan við heilann. Þessi áverki hefur valdið bana samstundis.“

Vitnið Krístrún Guðmundsdóttir kveðst hafa talað við ákærða í húsdyr-unum, er hann spurði eftir Þórði Halldóri, og hafi hann ekki staldrað við nema andartak. Krístrún kveðst að því loknu hafa farið snöggvást inn til sín, en komið rétt strax aftur út á tröppurnar. Kveðst hún þá hafa séð bifreið ákærða, sem verið hafi nýfarin af stað og komin austur undir gatnamót Hólsvegar og Hjallavegar, sem eru litlum spöl austar á göt-unni, og kveður hún bifreiðina hafa verið á litlum hraða. Í sömu svifum kveðst hún hafa tekið eftir barni, sem lá á götunni framan við húsið. Móðir drengsins kom því næst út úr íbúð sinni, sem er hinum megin götunnar, og rétt á eftir faðir drengsins, Magnús Guðmundsson lögreglu-þjónn, og annar maður, og tóku þeir barnið upp og færðu það af götunni.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ekið Hólsveg til austurs, er hann ók að Hólsvegi 11, og stöðvað bifreið sína utan við nefnt hús, sem er norðan við götuna. Hann kveðst hafa séð eitthvað af börnum við húsið nr. 11, en þau hafi verið ofar á lóðinni og því nokkuð frá götunni. Engra mannaferða kveðst hann hafa orðið var hægri megin á götunni (utan við Hólsveg 10). Ákærði kveðst hafa litið eftir umferð með venjulegum hætti, áður en hann ók af stað aftur, en þó hafi hann ekki gengið í kringum bifreiðina. Hann kveðst hafa ekið fremur hægt af stað með vélina tengda í annað ganghraðastig. Hann kveðst ekkert hljóð hafa heyrt og ekki orðið neins óvenjulegs var, nema þess að afturhjólið fór yfir ójöfnu, svo sem áður getur. Ákærði neitar eindregið, að sér hafi verið það ljóst, er hann ók af staðnum, að slys hefði orðið. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir-kallaður við aksturinn, og hann kveðst þaulvanur að aka nefndri bifreið.

Vitnið Þórður Halldór Guðlaugsson segir, að ákærði hafi ekkert á það minnzt, er hann átti tal við vitnið og félag þess, að neitt óvenjulegt hefði komið fyrir sig, og ekki hafi hann verið óvenjulegur í framkomu að neinu leyti.

Ekki er vitað um neina sjónarvotta að slysi þessu, nema litla telpu, Birnu Pálsdóttur, Hjallavegi 50, en ekki var fært að taka af henni skýrslu, enda er hún ekki nema 5 ára gömul og henni hafði auk þess orðið allmikið um að sjá slysið. En hún hafði sagt móður sinni, að Aron litli hefði staðið við hægra afturhjól bifreiðarinnar og verið að pikka í það með annarri hendinni, en haldið á litilli skóflu í hinni. Vitnið Páll Jónsson verkamaður var á gangi vestur Hólsveg og sá af hendingu, hvar barnið lá á götunni, og kveður það hafa legið þversum á götunni, þannig að fæturnir hafi vitað til norðurs. En áður en Páll kom alla leið til barnsins, var fleira fólk komið á staðinn. Vitnið Magnús Guðmundsson lýsir því á sama hátt og Páll, hvernig barnið hafi legið.

Bifreiðin R. 1902 var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmönnum eftir slysið og reyndist í góðu lagi.

Lögreglumenn komu á slysstaðinn, og var gerður uppráttur af honum. Gatan er þarna á slysstaðnum malborin, slétt og hörð, og gangstéttir engar lagðar. Götunni hallar örlítið til austurs. Greina mátti hjólför eftir R. 1902, og blóðpollur sást á götunni, þar sem barnið hafði legið eftir slysið. Eftir því sem ákærði hefur lýst því, hvernig bifreið hans stóð, meðan hann fór inn í húsið nr. 11, þykir alveg augljóst, að drengurinn hafi orðið fyrir hægra afturhjól bifreiðarinnar, í því er henni var ekið af stað. Bifreiðin stóð þá dálítið austanvert við dyrnar á Hólsvegi 11, og var því afstaðan sú, séð frá ákærða, er hann gekk frá dyrunum að bifreiðinni, að vinstra afturhjól bifreiðarinnar skyggði á nokkurn flöt fyrir framan hægra afturhjól. Er því líklegast, að það hafi skyggt á barnið, séð frá ákærða, þannig að hann hefði orðið að ganga kringum bifreiðina eða gæta sérstaklega undir hana til að sjá það. Verður það ekki talin vangá af hálfu ákærða, þótt hann léti það undir höfuð leggjast, þar sem ekki er upplýst, að aðstæður hafi verið slíkar, að ákærða hafi borið að sýna aðgæzlu umfram hið venjulega. Þykir því ákærða ekki verða gefið að sök brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga né 215. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og áður segir, fann ákærði, að afturhjól bifreiðar hans fór yfir eitthvað, er hann fór af stað, og kveðst hann helst hafa haldið, að það hefði farið yfir steinvölu eða eitthvað slíkt. Ekki er sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi séð barnið, er hann leit út um afturrúðuna, enda telur hann, að hann hafi litið svo fljótt aftur, að pallurinn hafi þá skyggt á barnið. Eftir að ákærði fór að hugsa nánar um, að eitthvað kynni að hafa komið fyrir, fór hann af sjálfsdáðum á slysstaðinn. Þykir því viðurhlutamikið að telja ákærða hafa brotið 29. gr. bifreiðalaga eða 9. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt þessu verður ákærði sýknaður af öllum ákærum í máli þessu. Með tilvísun til 3. mgr. 146. gr. laga nr. 27/1951 ber því að vísa frá dómi skaðabótakröfu þeirri, er foreldrar Arons heitins, Björg Ólafsdóttir og

Magnús Guðmundsson, hafa gert á hendur ákærða í málinu. Þá ber að ákveða, að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl., er ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jörgen Óskar Jörgensson, skal vera sýkn af ákærum í máli þessu.

Skaðabótakröfu Bjargar Ólafsdóttur og Magnúsar Guðmundssonar vísast frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal kr. 600.00 í þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Péturs Þorsteinssonar hdl.

Priðjudaginn 4. marz 1952.

Nr. 106/1950. **Jón Magnússon** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason)

Valdimar Stefánssyni sakadómara og Þórði Björnssyni fulltrúa (Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Krafa um bæt看 fyrir gæzluvarðhald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1950. Krefst hann þess, að stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða honum kr. 78.816.60 með 6% ársvöxtum frá 19. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá hefur stefnandi og stefnt sakadómaranum í Reykjavík og fulltrúa hans Þórði Björnssyni til réttargæzlu í málinu fyrir Hæstarétti, en engar kröfur gert á hendur þeim.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst aðallega